



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 14. ágúst, 2012

Ákvörðun nr. 16/2012

Kaup óstofnaðs einkahlutafélags á Pennanum á Íslandi ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi, dags. 22. júní 2012, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um yfirtöku Ingimars Jónssonar, Stefáns D. Franklíns og Ólafs Stefáns Sveinssonar, f.h. óstofnaðs einkahlutafélgs, (hér eftir nefnt tilkynnandi) á Pennanum á Íslandi ehf. (hér eftir nefnt Penninn). Í bréfinu kom fram sú ósk tilkynnanda að Samkeppniseftirlitið veitti undanþágu frá banni þess efnis að samruninn komi ekki til framkvæmda á meðan Samkeppniseftirlitið fjallar um hann. Þann 3. júlí 2012 sendi Samkeppniseftirlitið bréf til tilkynnanda þar sem fram kom að sú samrunaskrá sem barst eftirlitinu væri ekki fullnægjandi og var gerð grein fyrir þeim upplýsingum sem Samkeppniseftirlitið taldi að vantaði í skrána. Þann 5. júlí 2012 barst fullnægjandi samrunaskrá frá tilkynnanda. Daginn eftir, þann 6. júlí 2012, var umbeðin undanþága frá ákvæðum samkeppnislaga um að samruni komi ekki til framkvæmda á meðan eftirlitið fjallar um hann veitt. Samkeppniseftirlitinu barst svokölluð styttri samrunatilkynning, en félögum sem ekki starfa á sömu mörkuðum er heimilt að skila styttri tilkynningu, sbr. 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005.

II.

Samruninn

Samruni þessi varðar kaup tilkynnanda á öllum hlutum í Pennanum af Eignabjargi ehf. Penninn er verslunarfyrirtæki sem þjónar bæði fyrirtækjum og einstaklingum og starfar þannig bæði í heilsölu og smásölu. Í samrunaskrá segir að vöruframboð Pennans sé á sviði skrifstofuhúsgagna, skrifstofuvara og afþreyingar og að félagið eigi og reki verslanir Pennans, Eymundssonar, Griffils og Íslandia. Þá kemur fram að á þeim markaði sem áhrifa gætir sé fjöldi keppenda og gríðarlegt vöruframboð og mikil eftirspurn.

Í samrunaskránni kemur fram að tilkynnandi telji að samruninn hafi jákvæð áhrif á samkeppni þar sem eignarhald Pennans hverfi úr höndum Arion banka hf.



III. Niðurstaða

Í 17. gr. samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti, geti stofnunin ógilt samruna eða sett honum skilyrði.

Í samrunamáli þessu felst að tilkynnandi tekur yfir Pennann. Leiðir samruninn til þess að eignarhald Pennans fer úr höndum Arion banka, en eignarhald bankanna á rekstrarfyrirtækjum eftir hrun íslenska bankakerfisins árið 2008 er almennt talið hafa haft neikvæð áhrif á samkeppni. Samkeppniseftirlitið hefur töluvert fjallað um þessi neikvæðu áhrif sem eignarhald banka á atvinnufyrirtækjum leiðir af sér, sbr. t.d. umræðuskjal nr. 2/2009, *Samkeppnismat stjórnvalda*, skýrsla nr. 1/2011, *Samkeppni á bankamarkaði* og skýrsla nr. 2/2011, *Samkeppnin eftir hrun*.

Það er mat Samkeppniseftirlitsins að samruni þessa máls raski ekki samkeppni skv. þeim viðmiðum sem felast í 17. gr. samkeppnislaga. Við rannsókn málsins var aðallega horft til þeirra jákvæðu áhrifa sem felast í því að eignarhald rekstrarfyrirtækis hverfi úr höndum eins af viðskiptabönkunum. Leiðir þetta til þess að samruninn er frekar til þess fallinn að bæta heildarstöðuna á þeim markaði sem Penninn starfar á.

Ákvörðunarorð:

„Í yfirtöku óstofnaðs einkahlutafélags á Pennanum á Íslandi ehf. felst samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til þess að aðhafast frekar vegna samrunans.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson